Reykjavíkurborg
Innkaupaskrifstofa

Reykjavík, 19. júní 2023

Innkaupa- og framkvæmdaráð Reykjavíkurborgar
Borgartúni 12-14
105 Reykjavík

FAS23050021

***„Rammasamningur um hópbifreiðaþjónustu fyrir SFS " EES útboð nr. 15799***

Tilboð í ofangreindu útboði voru opnuð 15. júní. Alls buðu tvö fyrirtæki: Teitur Jónasson ehf og Hópferðamiðstöðin ehf. Útboðinu var skipt í eftirfarandi hluta:
Hluti 1a Reglubundinn skólaakstur Reykjavík austur, Hluti 1b Reglubundinn skólaakstur Reykjavík vestur og Hluti 2 Tilfallandi akstur.

Fyrirtækin buðu tímagjald í verðkörfu fyrir mismunandi stærðir hópbifreiða í hluta 1a og 1b og reiknað var samtals vegið meðalverð pr. klst. Bjóðendur gátu boðið tvö verð, annars vegar verð X ef tilboði þeirra var tekið í annan hlutann þ.e. 1a eða 1b eða verð Y ef tilboði þeirra var tekið í báða hluta.

Reiknuð voru lægstu heildarverð fyrir hluta 1a og 1b bæði með að nota X verð og Y verð og samið eftir því hvor aðferðin gefur lægra samanlagt verð fyrir hluta 1a og hluta 1b.

Samkvæmt grein 0.8 í útboðsgögnum verður samið á eftirfarandi hátt.

- Hluti 1a Reglubundinn skólaakstur Reykjavík austur

Samið verður við þann aðila sem myndar lægsta heildarverðið byggt annað hvort á verði X eða á verði Y, hvort heldur sem er lægra.

- Hluti 1b Reglubundinn skólaakstur Reykjavík vestur

Samið verður við þann aðila sem myndar lægsta heildarverðið byggt annað hvort á verði X eða á verði Y, hvort heldur sem er lægra.

- Hluti 2 Tilfallandi akstur

Samið verður við alla þá aðila sem uppfylla lágmarkskröfur útboðsins.

Buðu fyrirtækin eftirfarandi:

| | Hluti 1a X verð | Hluti 1a Y verð | Hluti 1b X verð | Hluti 1b Y verð | Hluti 2 |
|---|---|---|---|---|---|
| **Teitur Jónasson ehf** | 19.999 | 14.635 | 19.999 | 14.635 | X |
| **Hópferðamiðstöðin ehf** | 16.685 | 21.750 | 26.850 | 21.750 | X |

Innkaupaskrifstofa er búin að yfirfara tilboðin hvað varðar fjárhagslegt hæfi og kaupandi yfirfarið tæknilegt hæfi og uppfylla bjóðendur allar lágmarkskröfur útboðsins.

Skóla- og frístundasvið leggur því til að semja við Teit Jónasson ehf um hluta 1a og 1b sem gefur lægsta heildarverðið. Samið verði við báða aðila í hluta 2.

Gildistími samnings er fjögur ár frá 1. ágúst 2023. Hægt er að segja samningi upp með sex mánaða fyrirvara, í fyrsta lagi níu mánuðum eftir gildistöku samnings.

Virðingarfyllst,
f.h. Skóla- og frístundasvið
Haukur Þór Haraldsson,
fjármálasérfræðingur